

112

15. sept.

AUGLÝSING

um söluskatt af radartækjum og dýptarmælum.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 43 1948, um breyting á lögum nr. 128 1947, um dýrtiðarráðstafanir, hefur ráðuneytið ákveðið, að radartæki, dýptarmælar, pappír og aðrir varahlutir til þessara tækja skuli undanþegnir 1½% söluskatti af smásölu, samkvæmt 2. tölulið 42. gr. laga nr. 128 1947, um dýrtiðarráðstafanir.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

113

16. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 148 4. nóvember 1946.

Staflíður D. 2. b. í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

Að notandi setji klukkurofa á sinn kostnað fyrir hitalögnina, sem rafveitan ein hafi aðgang að.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. september 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

114

20. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir dýralækna.

Samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá fyrir dýralækna, að því leyti sem ekki er ákveðið gjald fyrir störf þeirra með öðrum lögum eða fyrirmælum:

I. KAFLI

Viðtöl og rannsóknir.

1. gr.

A. Ekkert gjald:

1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing.
2. Viðtal í síma.

B. Gjald kr. 2.00:

1. Skrifaður lyfseðill með viðtali og ráðleggingu.
2. Hlustun.